

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 23. febrúar 2017 í máli nr. S-663/2016:

Ákærvaldið

(Emil Sigurðsson fulltrúi)

gegn

Ólafíu Karitas Jónsdóttur

(Steinunn Pálmadóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 6. september 2016, á hendur Ólafíu Karitas Jónsdóttur, kt. 000000-0000, Austurbrún 6, Reykjavík, fyrir eftirtalin brot í Reykjavík á árinu 2015 nema annað sé tekið fram:

1. Þjófnað, með því að hafa þriðjudaginn 1. september 2015 stolið tölvu og tölvuskjá í móttöku Fosshótel Lind, Rauðarárstíg 18.
2. Þjófnað, með því að hafa á tímabilinu 12. til 13. september stolið tösku sem í var veski, lyklar, farsími, auðkennislykill og greiðslukort A, sjúklings sem lá á sjúkrastofu á Landakotsspítala.
3. Þjófnað, með því að hafa sunnudaginn 13. september, tvisvar í hraðbanka við Fiskislóð, gert tilraun til þess að taka út af Mastercard greiðslukorti A.
4. Húsbrott og þjófnað, með því að hafa laugardaginn 12. september í heimildarleysi og óleyfi farið inn í íbúðarhúsið að Efstalandi 10, með því að nota lykil að íbúðinni þar sem ákærða dvaldist skamma stund og tekið þaðan vín.
5. Þjófnað, með því að hafa, sunnudaginn 3. apríl 2016, brottist inn á heimilið að Lindargötu 44, og stolið þaðan tveimur töskum, fötum, skóm og fartölvu, og tælenskum peningum, dollurum og titrara sem og vegabréfi.
6. Fíkniefnalagabrott, með því að hafa sunnudaginn 3. apríl 2016, haft í vörslum sínum 0,86 g af amfetamíni og 2,81 g af maríjúana sem fannst við leit lögreglu í bakpoka hennar er hún var handtekin að Lindargötu 44, Reykjavík.
7. Þjófnað og nytjastuld, með því að hafa sunnudaginn 8. maí 2016 stolið lykli að bifreiðinni HV-E16 sem var í afgreiðslu CC bílaeigunnar, Snorrabraut 29 og síðan í heimildarleysi notað bifreiðina með því að aka henni að Fiskislóð 16, Reykjavík.

Teljast brott í 1., 2., 3., 4., 5. og 7. lið varða við 1. mgr. 244. gr. og telst brott í 3. lið varða við 244. gr., sbr. 20. gr. Þá telst brott í 4. lið einnig varða við 231. gr. og

brot í 7. lið við 1.mgr. 259. gr., allt almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá telst brot í 6. lið varða við 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt að ofangreind fíkniefni, samtals 0,86 g af amfetamíni og 2,81 g af marjúana sem hald var lagt á, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins lýsti sækjandi því að fallið væri frá ákærulið 4.

Ákærða hefur játað sök samkvæmt ákæruliðum 1 og 3 og að hluta samkvæmt ákærulið 7 og krefst vægustu refsingar sem lög leyfa vegna þeirra en neitar sök vegna ákæruliða 2, 5 og 6 og ákæruliðar 7 að hluta og krefst sýknu af þeim. Þá krefst hún hæfilegrar þóknunar verjanda til handa.

Málsatvik

Ákæruliður 2

Samkvæmt skýrslu lögreglu barst henni tilkynning um húsbrot að Efstalandi 10 þar sem komið hefði verið að íbúð A með opnar dyr og ummerki væru um að einhver hefði farið þar inn. Fram kom að veski A hefði verið stolið daginn áður, þar sem hún lægi á Landakotsspítala, en húslyklar hefðu verið í veskinu. Tilkynnandi greindi frá því að A hefði tjáð frænku sinni að ölvuð kona hefði komið inn á herbergið sitt kvöldið áður og stolið veskinu. Starfsfólk spítalans staðfesti söguna. Lögregla hafði samband við dóttur A sem sagði greiðslukort móður sinnar hafa verið í veskinu ásamt lykilorðum og auðkennislykli, en reynt hefði verið að nota kort hennar í hraðbanka nóttina áður.

Rætt var við öryggisvörð á Landakotsspítala sem kannaðist við málið og taldi konuna sem um ræddi heita B, en hún hefði verið að þvælast þarna um daginn áður. Lögreglumenn fóru í Konukot og fundu þar B. Hún kannaðist ekkert við málið og ekkert fannst sem var hægt að tengja við það. Samkvæmt skýrslunni kom síðar í ljós að hún tengdist málinu ekki á nokkurn hátt, heldur hafi öryggisvörðurinn farið rangt með nafn konunnar.

Ákærða var handtekin nokkrum dögum síðar og játaði að hafa stolið veskinu, farið inn í íbúðina og reynt að nota greiðslukortið í hraðbanka.

Ákæruliðir 5 og 6

Samkvæmt skýrslu lögreglu voru lögreglumenn sendir að Lindargötu 44 vegna innbrots í íbúð. Hittust þar fyrir Óli Hákon Hertervig og Sólrún Harpa Sveinbjörnsdóttir, íbúar á jarðhæð. Þau sögðust hafa komið að útihurð og bakdyrum ólæstum og við fyrstu sýn væru skór og taska horfin. Við athugun á vettvangi sást hvar hurð að geymslu undir tröppum upp á efri hæðir hússins var aðeins opin. Er lögreglumaður leit þar inn sá hann tvær ferðatöskur og ákærðu, sem reyndist vera í annarlegu ástandi. Ákærða kvaðst ekkert vita um töskurnar og ekki hafa farið inn í íbúðina. Við skoðun á innihaldi í ferðatöskunum komu í ljós föt, skór, fartölva og fleiri munir er tilheyrðu Óla og Sólrúnu. Önnur taskan var merkt móður Sólrúnar. Þegar skósólar ákærðu voru skoðaðir kom í ljós að þeir höfðu sama munstur og var að finna á mottu í baðherbergi íbúðarinnar. Ákærða hafði meðferðis bakpoka sem hún kvaðst eiga og eigendur íbúðarinnar könnuðust ekki við. Í bakpokanum var að finna svart box með blómamynstri og var innihaldið talið vera kannabis. Þá voru þar munir sem tilheyrðu ákærðu, auk seðla í erlendri mynt, dollara og taíenskra bata, og titrara sem tilheyrðu eigendum íbúðarinnar. Í seðlaveski ákærðu var vegabréf Óla og taíenskir seðlar í hans eigu. Í seðlaveskinu var einnig lítill plastpoki með hvítu dufti sem lögregla ætlaði að væru fikniefni.

Ákæruliður 7

Samkvæmt skýrslu lögreglu var tilkynnt um nytjastuld ökutækis hjá CC bílaleigu við Snorrabraut þann 8. maí 2016. Fyrir liggur upptaka þar sem gerandi sést koma inn í afgreiðslu bílaleigunnar og taka kveikjulaslykil bifreiðarinnar HV-E16. Starfsmaður sem var að koma til vinnu sá síðan hvar bifreiðinni var ekið út úr bílakjallara.

Síðar sama dag sáu tveir lögreglumenn sem voru við eftirlit við Smáratorg hvar bifreiðinni HV-E16 var ekið inn á bifreiðastæðið. Ökumaður bifreiðarinnar var Aðalsteinn Árdal Björnsson og farþegi var Guðmundur Jakob Jónsson, en þeir voru báðir í annarlegu ástandi. Aðalsteinn skýrði lögreglu frá því að „Karitas sem byggi í skúrunum úti á Granda“ hefði lánað sér bifreiðina.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða neitar sök vegna ákæruliðar 2. Hún skýrði svo frá að hún hefði verið í mikilli áfengisneyslu á þessum tíma. Hún skýrði játningu sína hjá lögreglu þannig að hún hefði eiginlega verið þvinguð af lögreglunni til að játa. Hún hefði fundið greiðslukortið úr ákærulið 3, en það hafi verið í lítilli buddu við hringtorg niðri á Granda.

Varðandi liði 5 og 6 kvaðst ákærða ekki hafa verið með fikniefnin á sér af ásettu ráði. Hún kannaðist við bæði efnin. Þau hefðu verið í vasa á samfestingi sem

fyrirverandi sambýlismaður hennar hefði átt, en hún hefði fært þau til. Þetta hefði verið leiðindaatburðarás. Ákærða hafi ekki brotist þarna inn, heldur Berglind Friðbjörnsdóttir, sem nú sé látin. Berglind hefði verið farin er lögreglan hafi komið. Hún hefði verið að fela sig. Hefði hún verið að stela hefði hún komið sér í burt af vettvangi. Hún kvað vegabréfið í veski hennar hafa verið sett þar til að koma sök af hinni konunni, en þær hefðu átt í erjum.

Ákærða jatar að hafa tekið lykil að bifreiðinni HV-E16 í afgreiðslu CC bílaleigu 8. maí 2016. Hún neitar því hins vegar að hafa ekið bifreiðinni og kvað það ekki rétt sem fram kæmi í skýrslu lögreglu yfir henni að hún hefði ekið. Hún hefði jatað til að komast fyrir út. Hún hefði látið stráka „niðri í gámum“ hafa lykilinn og lánað þeim bifreiðina. Annar þeirra heiti Guðmundur.

Vitnið Sigríður Drífa Elíasdóttir greindi frá því að hún hefði komið að rannsókn málsins í ákærulið 2. Tilkynning hefði borist um að veski hefði verið stolið af spítala. Reynt hefði verið að nota greiðslukort úr veskinu og lögreglumenn hefðu þekkt ákærðu á myndum úr hraðbanka. Vitnið kvaðst hafa rætt við starfsmann spítalans sem hefði bent á konu í óreglu. Hún hefði farið og rætt við þá konu sem hann hefði nefnt. Komið hefði í ljós að þetta hafi ekki verið hún, enda hafi lýsing starfsmannsins ekki passað við hana auk þess sem hún hafi haft fjarvistarsönnun. Vitnið kvaðst hafa tekið skýrslu af ákærðu vegna ákæruliða 5 og 6. Ákærða hafi verið skýrsluhæf.

Vitnið Gísli Breiðfjörð Árnason rannsóknarlögreglumaður tók framburðarskýrslu af ákærðu vegna ákæruliðar 2. Hann kvaðst muna vel eftir skýrslunni. Ákærða hefði komið úr fangaklefa og hefði verið í skýrsluhæfu ástandi. Hún hafi ekki verið beitt neinum þvingunum eða hótunum til þess að jata.

Vitnið Gunnar Helgi Stefánsson lögreglumaður kvaðst hafa farið að Lindargötu vegna tilkynningar um innbrot í ákærulið 5. Hann hefði fundið ákærðu sofandi í lítilli kompu undir tröppum. Hún hefði verið í slæmu ástandi og legið þarna í hnipri með tvær ferðatöskur við hlið sér. Önnur taskan hefði verið merkt móður annars húsráðenda. Í töskunum hefðu fundist munir frá eigendum íbúðarinnar, meðal annars munir sem þau hafi ekki áttað sig á að væru horfnir. Vegabréf og gjaldeyrir í eigu húsráðenda hefðu verið í bakpoka ákærðu. Ákærða hefði lítið viljað kannast við það sem í töskunum hafi verið nema föt sín og veski. Þá hefðu einnig fundist fíkniefni í bakpokanum. Skófar hefði verið í íbúðinni sem hafi greinilega samsvarað skóm ákærðu, en ekki hafi verið gerð nánari rannsókn á því.

Vitnið Guðjón Rúnar Sveinsson lögreglumaður mætti á vettvang á Lindargötu og hitti þar fyrir húsráðendur. Hann kvaðst hafa leitað að ummerkjum á vettvangi og séð fótspor á mottu í íbúðinni. Þeir hefðu borið það saman við skó

ákærðu. Greinilega hefði verið um far eftir skó hennar að ræða. Ákærða hefði fundist, í annarlegu ástandi, í geymslu undir tröppum fyrir utan íbúðina. Munir úr íbúðinni hefðu verið í ferðatöskum sem hafi verið þar og einnig í tösku í eigu ákærðu. Ákærða hefði verið með fíkniefni meðferðis í töskunni sinni og sagt að hún ætti allt sem væri í henni. Hún hefði hins vegar ekki kannast við muni húsráðenda.

Vitnið Óli Hákon Hertervig kvaðst hafa komið heim ásamt kærustu sinni og orðið var við að eina skó vantaði. Þau hafi svo séð svart stórt skófar á hvítri baðmottu. Þau hafi þá litið í kringum sig áttað sig á að eitt og annað hafi vantað í íbúðina. Lögregla hafi komið og fundið ákærðu í geymslu á bak við húsið. Munir úr íbúðinni hafi fundist í ferðatösku hjá henni.

Vitnið Sólrún Harpa Sveinbjörnsdóttir lýsti því að hún hefði komið heim með kærasta sínum og tekið fyrst eftir því að skó hefði vantað í forstofunni. Þau hefðu svo séð skófar á baðmottunni og hringt í lögreglu. Í framhaldi hefðu þau tekið eftir því að margir munir hafi verið horfnir. Þessir munir og fleiri til hefðu fundist hjá ákærðu í geymslunni fyrir utan.

Vitnið Ámundi Grétar Jónsson tilkynnti lögreglu um stolna bifreið af CC bílaleigu. Hann kvað upptöku sýna þegar lykill bifreiðarinnar hafi verið tekinn í afgreiðslunni, en hann hefði ekki orðið vitni að því eða því þegar bifreiðinni hafi verið ekið á brott.

Vitnið Marinó Ingi Emilsson rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa rannsakað atvikið í ákærulið 7. Hann hafi þekkt ákærðu af upptöku úr afgreiðslunni þar sem hún sjáist taka bíllykilinn. Ekki hafi verið til upptaka úr bílakjallaranum þar sem bifreiðin hafi verið tekin. Bifreiðin hafi svo fundist sama dag en þá hafi tveir menn verið á henni. Þeir hafi verið yfirheyrðir en hann muni ekki hvað þeir hafi sagt.

Niðurstaða

Ákæruliðir 1 og 3

Ákærða hefur skýlaust játað brot sín í þessum ákæruliðum. Sannað er með játningu hennar og öðrum gögnum málsins að hún er sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök og eru brot hennar rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður 2

Ákærðu er í þessum lið gefinn af sök þjófnaður með því að hafa stolið tösku sjúklings á sjúkrastofu á Landakotsspítala. Ákærða neitar sök. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði ákærða í upphafi því að hafa tekið töskuna. Þegar bornar voru undir hana myndir úr hraðbanka þar sem reynt var að nota greiðslukort úr töskunni

kvaðst ákærða ætla að breyta framburði sínum og segja satt. Hún hafi farið inn á sjúkrastofuna og tekið töskuna. Þá kvaðst hún vera sú sem reyndi að nota kortið í hraðbankanum. Ákærða hefur játað sök samkvæmt ákærulið 3 þar sem henni er gefið að sök að hafa reynt að nota kortið í hraðbanka. Hún kveðst hins vegar hafa fundið greiðslukortið. Ákærða hefur greint frá því að hafa verið í mikilli áfengisneyslu á þessum tíma og fyrir liggur að starfsfólk spítalans varð vart við óreglukonu að fara um spítalann þegar taskan hvarf og eigandi veskisins lýsti því að ölvuð kona hefði komið inn í herbergið til sín og stolið töskunni. Með hliðsjón af framangreindu og framburði lögreglumanna um þennan ákærulið fyrir dóminum þykir breyttur framburður ákærðu fyrir dóminum ekki trúverðugur. Telst sannað að ákærða hafi umrætt sinn farið inn á sjúkrastofuna og stolið tösku sjúklings svo sem henni er gefið að sök í ákæru. Samkvæmt þessu verður ákærða sakfelld fyrir það sem henni er gefið að sök í 2. lið ákærunnar og er brot hennar þar rétt fært til refsíákvæða.

Ákæruliðir 5 og 6

Ákærðu er hér gefin að sök þjófnaður og fíkniefnalagabrot 3. apríl 2016 að Lindargötu 44. Ákærða hefur frá upphafi neitað sök. Hún lýsti því fyrir dómi að önnur kona hefði brotist inn en verið farin er lögregla hafi mætt á vettvang. Hún hafi sjálf verið að fela sig en hafi ekki átt þátt í innbrotinu. Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði ákærða sök og kvað munum í eigu húsráðenda hafa verið komið fyrir hjá sér. Þá lýsti hún því að nafngreind kona hefði „örugglega“ gert þetta. Hún kvaðst hafa verið að ganga með þeirri konu en svo hefði sloknað á henni. Ekkert í málinu bendir til þess að önnur kona en ákærða hafi verið á staðnum. Ákærða fannst í geymslu sem fram hefur komið að hafi verið mjög lítil þannig að ákærða hafi legið í hnipri. Fyrir dóminn komu lögreglumennirnir sem mættu á vettvang og lýstu því hvernig þeir fundu ákærðu. Við hlið hennar voru tvær ferðatöskur sem innihéldu muni úr íbúðinni. Inni í íbúðinni var skófar sem lögreglumennirnir töldu greinilega tilheyra ákærðu. Með hliðsjón af framburði þeirra og húsráðenda þykir framburður ákærðu um að önnur kona hafi brotist þarna inn ekki trúverðugur. Er sannað að ákærða hafi umrætt sinn brotist inn og stolið þeim munum sem greinir í ákæru. Samkvæmt þessu verður ákærða sakfelld fyrir það sem henni er gefið að sök í 5. lið ákærunnar og er brot hennar þar rétt fært til refsíákvæða.

Þegar ákærða var handtekin vegna ofangreinds innbrots var hún með fíkniefni á sér. Ákærða kannast við efnin. Hún kvað þau í eigu fyrrverandi sambýlismanns síns en hún hefði fært þau úr samfestingi hans í bakpokann sinn. Með þeirri háttsemi sem ákærða hefur viðurkennt hefur hún gerst sek um vörslur fíkniefna svo sem henni er gefið að sök og verður hún því sakfelld fyrir brot í 6. lið

ákærunnar og er brot hennar þar rétt fært til refsíákvæða.

Ákæruliður 7

Ákærða hefur játað að hafa farið inn í afgreiðslu CC bílaleigu og stolið þaðan lykli að bifreiðinni HV-E16, en neitar að hafa ekið henni. Hún hafi látið stráka hafa lykilinn svo þeir gætu sótt bifreiðina. Fyrir liggur myndband sem sýnir ákærðu taka lykilinn, en ekki sést hvar bifreiðinni er ekið á brott. Ákærða játaði hjá lögreglu að hafa tekið bifreiðina og ekið henni að Fiskislóð 16. Þar hefði hún skilið bifreiðina eftir. Sama dag voru tveir menn stöðvaðir af lögreglu á bifreiðinni. Þeir skýrðu báðir frá því að ákærða hefði komið til þeirra með bíllyklana og leyft þeim að nota bifreiðina. Með hliðsjón af framgreindu þykir skýring á breyttum framburði ákærðu ekki trúverðug. Verður ákærða því sakfelld fyrir það sem henni er gefið að sök í ákærulið 7 og er brot hennar þar rétt fært til refsíákvæða.

Ákærða er fædd í desember 1961. Samkvæmt sakavottorði hennar gekkst hún þann 4. apríl 2016 undir lögreglustjórásátt vegna fíkniefnalagabrots. Þá hefur hún sjö sinnum hlotið dóma vegna hegningarlaga brota og umferðarlaga brots. Nú síðast var ákærða dæmd þann 27. maí 2015 til fimm mánaða fangelsis, skilorðsbundið í tvö ár. Með brotum sínum nú hefur ákærða rofið skilorð framangreinds dóms. Ber því að dæma skilorðsdóminn upp og gera ákærðu refsingu í einu lagi, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar verður meðal annars litið til ítrekaðra auðgunarbrota hennar, sbr. 255. gr. laga nr. 19/1940. Með vísan til 77. og 78. gr. sömu laga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Ekki þykir unnt að skilorðsbinda refsinguna.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk 0,86 g af amfetamíni og 2,81 g af marjúana sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinunnar Pálmadóttur hdl., 527.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Emil Sigurðsson, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærða, Ólafía Karítas Jónsdóttir, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærða sæti upptöku á 0,86 g af amfetamíni og 2,81 g af marjúana.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steinunnar Pálmadóttur hdl., 527.000 krónur.

Barbara Björnsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur, 23. febrúar 2017